

## **Breytingatillaga Sósíalístafllokks Íslands, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Skóla- og frístundasviði er falið að vinna aðgerðaáætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Hún verði nýtt þegar rasísk atvik eiga sér stað í skólaumhverfinu og verði jafnframt vegvísir fyrir þá fræðslu og símenntun sem þarf að eiga sér stað innan skólasamfélagsins. Markmiðið með aðgerðaáætluninni er að skýrir verkferlar séu til staðar um hvernig skuli bregðast við rasískum atvikum svo það lendi ekki á börnum eða foreldrum þeirra að bregðast við kynþáttafordómum og kynþáttahyggju í skólaumhverfinu. Aðgerðaáætlunin nái til skóla- og frístundastarfs í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og tryggi að ekkert í starfinu sé útilokandi fyrir börn og ungmenni sem t.d. eru með dökkkan húðlit. Tryggt verði að allt starfsfólk og stjórnendur fái reglulega fræðslu um þessi málefni. Lagt er til að skóla- og frístundasvið leiti til aðila sem hafa beitt sér í þessum málaflokki, s.s. til aðgerðasinna eins og Antirasistarnir og umsjónarmanna fræðsluverkefnisins „Hvaðan ertu?“ og óski eftir liðsinni þeirra við mótun aðgerðaáætlunarinnar.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur um aðgerðir gegn rasisma sem hafi m.a. það hlutverk að:

1. Vinna að verklagsreglum um viðbrögð við rasískum ummælum, skrifum og/eða hegðun hjá börnum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi.
2. Koma með tillögur að fræðsluefni og verkfærum fyrir öll skólastig og í frístundastarfi fyrir börn og ungmenni.
3. Koma með tillögur að fræðsluefni fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs um hugtakanotkun, orðræðu og fræðslu um fjölbreyttan hóp fólks með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn.

Starfshópurinn verði skipaður verkefnastjóra fjölmenningar í grunnskóla- og frístundastarfi, verkefnastjóra fjölmenningar í leikskólastarfi, fulltrúa úr leikskóla, fulltrúa úr grunnskóla og fulltrúa úr frístundastarfi, fulltrúa frá alþjóðateymi velferðarsviðs, fulltrúa frá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur og fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna. Starfshópnum er ætlað að funda í 8–10 skipti og hafa samráð við mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, fjölmenningarráð og ofbeldisvarnarnefnd. Stefnt verði að því að starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. júlí 2022.